

1. Útgáfa  
27.03.2020

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

# Sveitarfélagið Skaftárhreppur

## Heimsfaraldur



Skaftárhreppur

Klausturvegi 10

880 Kirkjubæjarklaustur

Sími: 487-4840

**Ritstjórn:**

Bjarki V. Guðnason

Elín Pálsdóttir

<b>1.</b>	<b>Efnisyfirlit</b>	
2.	Inngangur .....	4
3.	Heimsfaraldur inflúensu - Saga .....	5
4.	Virkjun viðbragðsáætlunarinnar .....	6
	Viðbragðsteymi sveitarfélagsins - Skaftárhreppur .....	6
	Lykilstarfsmenn .....	6
5.	Áhættumat.....	7
6.	Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks .....	7
	Ráðstafnir til að fækka smitleiðum .....	8
	Neyðarstig .....	8
	Viðbrögð við aukinni hættu innan sveitarfélagsins.....	9
	<i>Sóttvarnaráðstafanir</i> .....	9
	<i>Almennar leiðbeiningar vegna sóttvarnir</i> .....	10
	<i>Eyðing smitefnis</i> .....	10
	Almennar reglur vegna heilsufarslegra atriða starfsmanna.....	10
7.	Gátlistar.....	11
	Óvissustig.....	11
	Hættustig.....	11
	Neyðarstig .....	11
	Dæmi um gátlista deilda.....	12
8.	Einkenni Kórónaveiru (COVID-19).....	12
	Munurinn á kórónaveirusýkingu og inflúensu .....	13
9.	Samskiptaleiðir – mikilvæg símanúmer .....	13

## 2. Inngangur

Þessi viðbragðsáætlun á að þjóna þeim tilgangi að vera stjórnendum Skaftárhrepps til stuðnings um það hvernig eigi að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum.

Áætlun þessi gildir fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess en helstu stofnanir munu setja sér eign áætlun og útfæra nánar viðbrögð eftir eðli starfsemi hverju sinni. Ábyrgð á viðbragðsáætlun er á höndum viðkomandi yfirmanns stofnunar sem og sveitarstjóra.

Áætlun þessu miðast við að starfsemi sveitarfélagsins verði skert og að hluti starfsfólks verði rúmfastur vegna veikinda eða í sóttkví í ákveðinn tíma. Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra stofnana sveitfélagsins sem og starfsmanna þess ásamt því að stuðla að öryggi starfsmanna og órofum rekstri stofna sveitarfélagsins í heimsfaraldri.

Við gerð áætlunarinnar var meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr.82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Fyrirmynd að áætlun þessari er m.a. sótt til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga með góðfúslegu leyfi þeirra.

Áætlunin er unnin samkvæmt sniðmáti almannavarna og notast var við fyrirmynd af viðbragðsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki er um endanleg fyriræli að ræða og getur sveitarstjóri, sveitarstjórn og formaður Almannahvarnanefndar sveitarfélagsins ákveðið að breyta starfstíllhögun með tillit til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum sveitarstjóra. Áætlunin skal endurskoðuð á a.m.k. 5 ára fresti en yfirfarin árlega, t.d hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði. Ef miklar breytingar verða á starfsemi sveitarfélagsins verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Mikilvægt er að stofnanir Skaftárhrepps geti haldið starfsemi sinni sem mest óraskaðri áfram þrátt fyrir heimsfaraldur og er gerð viðbragðsáætlunar afar nauðsynleg í þeim tilgangi.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum og er vistuð í skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins. Jafnframt er áætlunin birt á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is)

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Skaftárhreppur 27.03.2020

## Markmið viðbragðsáætlunar Skaftárhrepps

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif heimsfaraldurs og afleiðingar hans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti stofnunarinnar/fyrirtækis, lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði (nafn fyrirtækis/stofnunar).
- Upplýsa starfsmenn og samskiptaaðila.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna sóttvarnaráðstafana svo sem samkomubanns og takmarkana á ferðafrelsi.

### 3. Heimsfaraldur inflúensu - Saga

Allt frá 16. öld hafa heimsfaraldrar inflúensu riðið yfir heiminn að minnsta kosti tvisvar til þrisvar á öld. Á 20. öldinni riðu þrjár heimsfaraldrar inflúensu yfir. Sá fyrsti geisaði 1918 og var afar mannskæður. Hann var nefndur spænska veikin og er talið er að 50-100 milljón manns hafi látið lífið af hans völdum. Hinir tveir heimsfaraldrarnir riðu yfir 1957 og 1968 en ollu mun minna manntjóni. Á Íslandi gekk spænska veikin á suðvesturhluta landsins á tímabilinu frá október til desember 1918 en áður hafði væg sumarinflúensa gengið yfir fyrr á árinu. Spænska veikin hófst í ágúst í Evrópu og Norður-Ameríku.

Talið er að um 60% Reykvíkinga hafi veikst af spænsku veikinni og að allt að 500 manns látist á landinu öllu. Íslendingar geta dregið nokkurn lærdóm af reynslu þjóðarinnar frá þeim tíma. Til að hindra útbreiðslu veikinnar voru settar ferðatakmarkanir og lokað var fyrir umferð um Holtavörðuheíði og einnig yfir Mýrdalssand. Með þessu tókst að hindra að veikin bærist til Norðurlands og Austurlands en til Vestfjarða barst hún með skipum.

#### 4. Virkjun viðbragðsáætlunarinnar

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Sóttvarnalæknir og heilbrigðisráðherra bera ábyrgð á sóttvörnum og mæla fyrir um sóttvarnaráðstafanir.

Sveitarstjóri, að höfðu samráði við Almannavarnanefnd Vestur – Skaftafellssýslu, ber ábyrgð á að stjórnendum sveitarfélagsins Skaftárhrepps sé tilkynnt um virkjun viðbragðsáætlunar þessarar. Stjórnendur skulu umsvifalaust koma boðum áfram til sinna starfsmanna.

#### Viðbragðsteymi sveitarfélagsins - Skaftárhreppur

Í viðbragðsteymi sveitarfélagsins eru sveitarstjóri, oddviti og skrifstofustjóri.

Viðbragðsteymið gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Það annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag stofnana sveitarfélagsins, auk þess að fylgja því eftir að umgengnisreglum og notkun sóttþreinsibúnaðar sé framfylgt. Yfirmenn hverrar stofnunar sjá um samskipti við starfsfólk vegna veikinda og fjarveru og ber yfirmönnum um að upplýsa sveitarstjóra um veikindi starfsmanna.

Sveitarstjóri skal upplýsa starfsfólk um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær þjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni.

#### Lykilstarfsmenn

Lykilstarfsfólk og símanúmer	Staðgenglar
Sveitarstjóri: Sandra Brá Jóhannsdóttir, gsm 893 5940	Skrifstofu- og fjármálastjóri: Karl Antonsson, gsm 858 - 7657
Oddviti: Bjarki V. Guðnason, gsm 869 5877	Varaoddviti
Skrifstofu- og fjármálastjóri: Karl Antonsson, gsm 858 7657	Sveitarstjóri Sandra Brá Jóhannsdóttir, gsm 893 5940
Byggingarfulltrúi: Ólafur E. Júlíusson, gsm 897 4837	Sveitarstjóri Sandra Brá Jóhannsdóttir, gsm 893 5940
Leikskólastjóri: Guðrún Sigurðardóttir, gsm 863 7546	Dóra E. Einarisdóttir, gsm 691-2505
Skólastjóri: Katrín Gunnarsdóttir, 865 7440	Inga Lóa Hannesdóttir 865 7440
Slökkvistjóri: Bjarki V. Guðnason, 869 5877	Varðstjóri slökkviliðs 869-4717
Fulltrúi hreppsskrifstofu: Elín Pálsdóttir, gsm 897 1987	Skrifstofu- og fjármálastjóri: Karl Antonsson, gsm 858 7657
Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar: Sigmar Helgason, gsm 846 6004	Staðgengill: Sigurður Hallbjörn Valgeirsson, gsm 821-7410

## 5. Áhættumat

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum yfirvofandi heimsfaraldurs þar sem tekið er tillit til mögulegra afleiðinga. Ef veiran nær útbreiðslu hér á landi er líklegt að fjarvistir frá vinnu verði nokkrar. Mögulega má búast við að veikindi verði þrálátari og standi lengur yfir en í árlegum inflúensufaraldri.

Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- Smits af völdum kórónuveiru
- Annarra veikinda
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokana leikskóla og skóla
- Beiðni vinnuveitenda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér
- Ákvörðun heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann
- Raskana á almenningssamgöngnum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks

Ekki er hægt að spá fyrir um með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsmenn meta áhættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.

## 6. Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks

Sveitarstjóri og skrifstofustjóri skulu hafa umsjón með að vakta daglega tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis eftir að við viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d á vefsíðum eins og [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is). Viðbragðsteymið skal sjá um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til alls starfsfólks sveitarfélagsins með tölvupóstsendingum. Mikilvægar leiðbeiningar kunna að breytast frá degi til dags og verða senda jafnóðum með tölvupósti. Ef hægt er að koma því við þá er gott að hengja upp tilkynningar í kaffistofu og sameiginlegum rýmum starfsfólks.

Forstöðumenn skulu halda utan um fjarvistir starfsmanna daglega, skrá niður ástæður fjarvista og áætla a.m.k. 14 daga fjarvistir sem hafa greinst með covid19 og allt að 14 daga ef starfsmaður er í sóttkví.

### **Ráðstafnir til að fækka smitleiðum**

Hægt er að fækka smitleiðum innan sveitarfélagsins með því að:

- Fækka fundarhöldum tímabundið.
- Nýta fjarfundabúnað í auknum mæli.
- Breyta framkvæmd ræstinga þannig að aukin áhersla verði lögð á að strjúka af hurðahúnum, slökkvurum, sínum, lyklaborðum, borðum og stólörmum.

### **Neyðarstig**

Sé lýst yfir neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi sveitarfélagsins.

- Viðbragðsteymi kannar birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sóttthreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og pantar inn á lager ef til þess kæmi að birgjar loka. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum. Þá þarf að kanna stöðu á öðrum rekstrarvörum s.s. pappír og prenthylkjum.
- Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundarhöld og funda eingöngu ef nauðsyn krefur. Gildir þetta jafnt um fundi inna sem utan sveitarfélagsins. Notast skal meira við síma og tölvur til samskipta eins og fyrirmælum sóttvarnalækis fylgt eftir því sem við á.
- Sveitarfélagið fylgir fyrirmælum sóttvarnalækis og almannavarna hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir. Hafa verður í huga að flugvellir og landamæri geta lokast vegna heimsfaraldurs.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Sveitarstjóri getur þó gefið rýmri reglu hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna sinna eða náinna ættingja.
- Tryggja þarf að fleiri en einn starfsmaður geti gengið í störf annarra starfsmanna þar sem metin er þörf á því. Starfsfólk getur átt von á að vera færð til á milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í faraldri.



- Þjóða upp á að starfsmenn sinni vinnu frá heimili sínu ef aðstæður og eðli starfs leyfa. Tölvubúnað er hægt að flytja á heimili viðkomandi starfsmanns tímabundið. Starfsmönnum verður heimilit að taka vinnu með sér heim eða semja um sveigjanlegan vinnutíma við viðkomandi sviðsstjóra.
- Sveitarstjóri getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á þjóunstu við viðskiptavini til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum innan sveitarfélagsins á meðan faraldrinum stendur. Breytt fyrirkomulag getur falist í því að stytta opnunartíma eða loka afgreiðslu þannig að öll samskipti við viðskiptavini fari fram símleiðis eða með tölvupósti og bréfasamskiptum. Breytingar á opnunartíma eða fyrirkomulagi á afgreiðslutíma þarf að kynna á fullnægjandi hátt, t.d. með auglýsingu í fjölmiðlum, upplýsingum á heimasíðu og merkingum við inngang hafi honum verið læst.
- Hver deild innan fyrirtækis/stofnunar gerir sinn gátlista til að styðjast við, komi til alvararlegs heimsfaraldurs inflúensu eða annars smitsjúkdóms.

### **Viðbrögð við aukinni hættu innan sveitarfélagsins**

#### ***Sóttvarnaráðstafanir***

Heilbrigðisráðherra kveður á um **samkomubann** að fenginni tillögu sóttvarnalæknis (sbr. 12. gr. laga nr. 19/1997). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd samkomubanns í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Í samkomubanni felst að fjöldasamkomur eru óheimilar, s.s. fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og reglulegar guðspjónustur. Samkomubann er sett samkvæmt nánari fyriræmum sóttvarnalæknis. Þegar ekki eru lengur forsendur fyrir samkomubanni afléttir heilbrigðisráðherra því að fenginni tillögu sóttvarnalæknis.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að fenginni tillögu sóttvarnalæknis að **takmarka ferðafrelsi** manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls sem og einangrunar sýktra einstaklinga, sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997. Sóttvarnalæknir gefur fyriræmi um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra

**Almennar leiðbeiningar vegna sóttvarnir**

Mikilvægt er að allir starfsmenn fari eftir leiðbeiningum sóttvarnalæknis um almennt hreinlæti og þekki hvernig má forðast smit. Ávallt eru nýjustu upplýsingarnar á vef landlæknis <https://www.landlaeknir.is/>

**Eyðing smitefnis**

Á kórónaveirur og inflúensuveirur virkar eftirfarandi:

- vatn og sápu
- hitun í 40°C í 15 mín, 80°C í 3 mín; 90°C í 1 mín
- spritt (a.m.k. 40% styrk)
- ísóprópanól (a.m.k. 30% )
- klórlausnir (a.m.k. 200 ppm styrk)
- joðefni (a.m.k. 75 ppm styrk)

Sóttvarnabúnaður sem sveitarfélagið þarf að eiga auk hefðbundinnar sápu:

- bréfpurrkur og e.t.v. fleiri ruslafötur sem eru með loki
- handspritt
- spritt til hreinsunar á yfirborði, svo sem símum og hurðahúnum
- einnota hanskar fyrir ræstinguna

**Almennar reglur vegna heilsufarslegra atriða starfsmanna**

Starfsmenn fylgjast með eigin heilsu og fara heim ef þeir finna fyrir einkennum. Starfsmenn koma ekki til vinnu ef þeir eru veikir og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eða hafa samband við 1700.

Starfsmaður sem mætir veikur til vinnu er umsvifalaust beðinn um að fara heim en í almennum sóttvarnaráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/2007 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.

## 7. Gátlistar

Pennan gátlista skal viðbragðsteymi sjá um að forstöðumenn fái ásamt ítrekun um að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar breytingar verða á hættustigi almannavarna. Einnig skulu forstöðumenn sjá um að prenta út/fjölrita og hengja upp gátlista á starfsstöðvum og hafa þar frá virkjun áætlunar til afboðunar. Viðbragðsteymi sendir starfsfólki boð um hættustig almannavarna og ítrekar við starfsfólk að fylgja viðeigandi gátlista viðbragðsáætlunar.

### Óvissustig

1. Viðbragðsáætlun lesin og uppfærð. Allt starfsfólk upplýst um viðbragðsáætlunina
2. Sveitarfélagið leitar nýjustu upplýsinga um stöðu mála hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og hjá sóttvarnalækni
3. Upplýsingar um lykilstarfsmenn sveitarfélagsins uppfærðar ef þarf.
4. Útnefning/skilgreining viðbragðsteymis og annarra er skipa viðbragðsstjórn sveitarfélagsins.
5. Sveitarstjóri sér um að starfsmenn séu upplýstir um ofangreinda þætti.

### Hættustig

1. Sveitarfélagið uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni.
2. Sveitarfélagið leitast við að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins og sendir skilaboð til starfsmanna um aðgát.
3. Innkaup á nauðsynlegum birgðum
4. Framkvæmd rekstrarlegra þátta skv. kafla 6 undirbúin.
5. Upplýsingum og fræðslu vegna sóttvarna komið til starfsmanna.

### Neyðarstig

1. Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni.
2. Aðgerðum vegna rekstrarlegra þátta skv. kafla 6 hrint í framkvæmd.
3. Aðgerðum vegna sóttvarna skv. kafla 6 hrint í framkvæmd.

## Dæmi um gátlista deilda

Skipa verkefnastjóra vegna heimsfaraldurs

Ábyrgðarmaður upplýsingamiðlunar til starfsmanna

Ábyrgð á birgðum og innkaupum

Undirbúa innkaup vegna sóttvarna, spritt og handþurrkur

Uppfæra sóttvarnaáætlanir

Forgangsraða verkefnum (gera lista), þ.e. óumflýjanlegar aðgerðir

Virkja reglur um fundarhöld deildarinnar í faraldri

Virkja reglur um ferðalög og fleira

Gefin hefur verið út gátlisti um órofinn rekstur fyrirtækja og er hann að vinna á eftirtöldum vefsíðum, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) og [www.influensa.is](http://www.influensa.is). Gott er að styðjast við þennan lista við gerð gátlista deilda.


## 8. Einkenni Kórónaveiru (COVID-19)

Einkenni líkjast helst inflúensusýkingu, hósti, hiti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. COVID-19 getur einnig valdið alvarlegum veikindum með neðri öndunarfærasýkingu og lungnabólgu sem koma oft fram sem öndunarerfiðleikar á 4.- 8.degi veikinda. Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer + 354 544-4113) varðandi nánari upplýsingar hvernig eigi að nálgast heilbrigðiskerfið.

Veikir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðva nema að fengnum ráðleggingum í síma. Einstaklingar með grunsamlega eða staðfesta sýkingu verða settir í einangrun skv. leiðbeiningum. Einkennalausir einstaklingar sem hafa verið í samneyti við einstaklinga með staðfesta eða líklega sýkingu verða settir í sóttkví svk. leiðbeiningum.

## Munurinn á kórónaveirusýkingu og inflúensu

Einkenni hinnar nýju kórónaveirusýkingar geta verið svipuð inflúensu í upphafi sjúkdóms. Einkenni inflúensunnar koma oftast snögglega og lýsa sér með hita, hósta, hálssærindum, höfuðverk, vöðvaverkjum og almenntri vanlíðan.



## 9. Samskiptaleiðir – mikilvæg símanúmer

Almannavarnir

Sími: 112

[www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Læknavaktin

Sími 1700

Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Selfossi

Sími: 432 2000

[www.hsu.is](http://www.hsu.is)

Heilbrigðisstofnun Suðurlands – Kirkjubæjarklaustur

Sími: 432-2882

[www.Hsu.is](http://www.Hsu.is)

Landspítali Háskólasjúkrahús

Sími: 543-1000

[www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)

Embætti landlæknis

Sími: 510-1900

[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Rauði krossinn, vinalínan - sálrænn stuðningur

Sími 1717

[www.Heilsuvera.is](http://www.Heilsuvera.is)

[www.Covid.is](http://www.Covid.is)

[www.112.is](http://www.112.is)